

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Dýraþjónusta Reykjavíkur skal innheimta gjöld af eigendum hunda í Reykjavíkurborg samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöldunum er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Reykjavíkurborg nr. 355/2022.

2. gr.

Innheimta skal þjónustu- og eftirlitsgjald og hundagjald af hundum í Reykjavíkurborg samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavíkurborg árið eftir að hundur er skráður í fyrsta sinn og síðan árlega eftir það. Gjaldinu er skipt til helminga og er innheimt í mars og september ár hvert. Ef hundur deyr eða skiptir um eiganda er það á ábyrgð skráðs umráðamanns að tilkynna það og skrá á www.island.is eða með tölvupósti á dyr@reykjavik.is og fellur þá næsti greiðsluseðill niður eða færist yfir á nýjan eiganda.

Árlegt hundagjald fyrir allt árið eða hluta úr ári er 17.800 kr., 8.900 kr. sem er á gjalddaga 1. mars og 8.900 kr. sem er á gjalddaga 1. september.

Skrá skal alla hunda í Reykjavíkurborg, einnig þá sem undanþegnir eru árlegu hundagjaldi samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavíkurborg.

3. gr.

Heimilt er að veita allt að 30% afslátt af árlegu gjaldi hafi viðkomandi hundaeigandi sótt námskeið um hundahald sem viðurkennt er af Dýraþjónustu Reykjavíkur.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs óskráðs hunds ber að innheimta 38.550 kr. handsömunargjald. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem fellur til vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Við afhendingu handsamaðs hunds, sem skráður er í Reykjavíkurborg eða hjá öðru sveitarfélagi, skal einungis innheimtur sá kostnaður sem fallið hefur til vegna dvalar og geymslu viðkomandi hunds. Hafi skráður hundur verið handsamaður þrisvar sinnum eða oftar skal eigandi þó greiða handsömunargjald sem og kostnað vegna dvalar og geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 2. og 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert annars vegar og 1. september og eindagi 1. október hins vegar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 24. gr. laga um velferð dýra, nr. 55/2013, staðfestist hér með og öðlast gildi 1. janúar 2025. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavíkurborg, nr. 1278/2023.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 19. nóvember 2024.

Einar Þorsteinsson.